
Minnisblað

Dagsetning: 8. júní 2020
Höfundur: Þórólfur Guðnason
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 þ. 15. júní 2020.**

Takmarkanir á samkomum vegna yfirstandandi faraldurs COVID-19 voru fyrst settar þ. 13. mars 2020 af heilbrigðisráðherra og síðan hertar þ. 24. mars 2020 skv. tillögum sóttvarnalæknis. Samkvæmt auglýsingu frá 24. mars 2020 áttu takmarkanirnar að standa til 12. apríl 2020 kl. 23:59. Sóttvarnalæknir sendi minnisblað til ráðherra þ. 1. apríl 2020 þar sem lagt var til að takmarkanir á samkomum yrði framhaldið til 4. maí 2020 og voru þær tillögur staðfestar af ráðherra.

Í dag hafa alls 1.807 einstaklingar greinst með COVID-19 hér á landi en alls hafa 115 einstaklingar lagst inn á sjúkrahús, 30 á gjörgæsludeild, 18 einstaklingar þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og tíu látist. Nýsmitum hefur hins vegar fækkað verulega á undanförunum vikum og hafa einungis 9 einstaklingar greinst í maí og sem af er júní. Af þeim greindust tveir á veirufræðideild en 7 hjá Íslenskri erfðagreiningu sem er vísbending um að það sé mjög lítið af virku smiti í samfélaginu.

Fyrsta aflétting á samkomutakmörkunum var gerð þ. 4 maí sl., önnur aflétting var gerð 18. maí en þá voru sundlaugar opnaðar með 50% leyfilegum hámarksfjölda gesta og þriðja aflétting var gerð 25. maí sl. Engin aukning hefur sést í kjölfarið á þessum afléttingum

Lagt er til að aflétting takmarkana þ. 15 júní n.k. felist í eftirfarandi:

- Fjöldamörk þeirra sem koma saman fari úr 200 í 500.
- Engar sérstakar takmarkanir verði á íþróttastarfi en gæta þarf að hámarksfjölda fullorðinna allt að 500 manns í sama rými.
- Engar takmarkanir verði á fjölda gesta í sundlaugar og líkamsræktarstöðvar nema þær sem bundnar eru í starfsleyfi þessara staða.
 - Tveggja metra nálægðartakmörk skulu gilda samkvæmt nýrri skilgreiningu hér að neðan.
- Skilgreining á tveggja metra reglu frá 25. maí sl. verði áfram í gildi.
- Vínveitingastaðir, skemmtistaðir og krár mega hafa opið til kl. 23:00.
 - Gætt skal að reglu um hámarksfjölda og nýrri skilgreiningu á tveggja metra reglu.
- Spilasalir mega hafa opið til kl. 23:00.

- Gætt skal að reglu um hámarksfjölda og nýrri skilgreiningu á tveggja metra reglu.
- Hvatt er til að opinberar skemmtanir sem ekki eru leyfisskyldar standi ekki lengur en til 23:00
- Áfram verða sömu kröfur um sótthreinsun og þrif almenningsrýma innandyra.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir